Sögulokin.

1 bls. qto.

# Sǫgulokin.

Ferdinand, danskur erfdaprins (1792-1863), var bródir Kristjáns konungs hins áttunda og því fǫdurbródir Fridriks konungs hins sjǫunda (1808-1863). Hann kvontist 1. ágúst 1829, Karólínu, dóttur Fridriks hins sjötta. Var hún ordin 88 ára ad aldri, þá er hún lézt og vard þeim Ferdinand og henni eigi barna audid.

Ferdinand var jafnan í mikilli peningaþrǫng og vard því bródursonur hans, Fridrik konungur sjǫundi, oft ad hlaupa undir bagga med honum og firra hann vandrædum.

Einhverju sinni sendi konungur honum vel-innbundna bók eina og voru blǫdin í henni einvǫrdungu peningasedlar margir, er þá voru í gildi.

Nærri má geta hvort Ferdinandi frænda hans muni eigi hafa þótt bók þessi gagnleg og skemtandi, enda var hann ekki lengi ad lesa hana og gerdi bródursyni sínum ord um þad, ad senda sér framhald bókarinnar hid brádasta.

Fridrik konungur lét ekki lengi á sér standa med ad senda honum næsta bindid, og var nidurlag bókar þeirrar á þessa leid:

„Endi annars og sídasta bindis".